





## FUNDARGERÐ

Síða 1		
<b>SAMRÁÐSFUNDUR UM MÁLEFNI HOFSTAÐASKÓLA</b>		
Dags. Fundar 2023-02-08	Tími 09:30 – 10:30	Staður Teams fundur
Fundarboðandi Ásta Sigrún Magnúsdóttir	Fundarritari Kristín L. Bjarnadóttir	Dags. rituð 2023-02-08
Fundarmenn: Ásta Sigrún Magnúsdóttir, Kristín L. Bjarnadóttir, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Alma Dagbjört Ívarsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Guðbjörg Brá Gísladóttir, Sævar Þór Jóhannsson og Ólafur Pétursson		

<b>Dagskrá</b>
<ol style="list-style-type: none"><li>Umræður húsnæðismál Hofsstaðaskóla og heildarúttekt Mannvits</li><li>Önnur mál</li></ol>
<b>Markmið</b>
<ol style="list-style-type: none"><li>Til upplýsingar</li><li>Til umræðu</li></ol>
<b>Fundargerð</b>
<b>1. Inngangur hjá Almari bæjarstjóra.</b> <p>Almar áréttaði mikilvægi þess að eiga góð samskipti og að fólk þori að spyrja kritískra spurninga. Verið er að klára greiningarferli á húsnæðinu. Sýnin eru í greiningu hjá aðila í Danmörku og er gripið strax til aðgerða um leið og niðurstöður berast. Mannvit, sem veitir ráðgjöf, þarf svo tíma til að rýna í niðurstöðurnar og útbúa skýrslu. Framundan, þegar niðurstöður liggja fyrir sem verður vonandi í þessari viku verður kallað til starfsmannafundar og fundur með foreldrum að loknu vetrarfríi. Skoða skal allar ábendingar sem berast og leiða til sýnataka. Það er verið að skipuleggja aðgerðir ef til þess kemur að loka þurfi skólanum.</p>
<b>2. Alma sérfræðingur hjá Mannviti.</b> <p>Alma fór yfir niðurstöður sýna sem liggja fyrir nú þegar. Á þessum myndum má sjá hvaða stofum er búið að loka og hverjar eru í lagi og hvað bíður niðurstöður greininga.</p>



117 – mygla fannst undir gólfefni

119 – Sveppagró í DNA sýni

108 – mygla greindist hvorki í útvegg né undir gólfduík en verið að opna í kringum glugga til að skoða betur

227 & 226 – þarf að skoða betur

210 – í lagi

211, 209, 207 og 203 – beðið eftir sýnum

113, 114, 115 og 116 – á fundi kennara var kvartað yfir að ekki hafa verið tekin sýni úr þessum rýmum, rætt var um að það verði tekin sýni úr þessum stofum líka og fundarmenn sögðust vilja að tekin yrðu sýni úr öllum rýmum. Það tekur 6 – 8 vikur að fá úr niðurstöðum sýnatöku.

Regnboginn í lagi



Bókasafn – greindist hvorki undir gólfdukk né DNA sýni en það er mengun undir gólfdukk hjá svalarhurð sem verður lagað í vetrarfríinu

Gangar – engin hækkuð gildi

### **3. Guðbjörg**

Búið er að ráða verktaka og er verið að meta og forgangsraða hvað verður hægt að laga í vetrarfríinu, það er erfitt að teikna upp aðgerðarplanið þar sem endanlegar niðurstöður hafa ekki borist.

Verksýn mun sjá um verkefnastjórnun og eftirlit með verktökum. Verktakafyrirtækið Kappar sjá um framkvæmdina. Mannvit hefur góða reynslu af þessum verktökum og þeir hafa reynslu af svona verkefnum. Skemmd byggingarefni verða fjarlægð út um glugga og út um svalir sem eru við skemmdina.

### **4. Hafdís skólastjóri**

Starfsfólk er að veikjast og fólk er farið að tengja heilsubrest við það þegar þau voru að kenna í ákveðnum stofum. Starfsfólk er óöruggt og það er mikið rót og rask eins og gefur að skilja.

Fundi slitið kl: 10:30